Hljóðleikur og einlægni

Hugleiðing um málverkasýningu Höskulds Björnssonar að Kjarvalsstöðum

eftir Steingrím Sigurðsson

Málarinn Höskuldur Björnsson, sem lézt fyrir allmörgum árum, virðist hafa unnið að list sinni af einlægni og hljóðleik og náð töluvert langt í leit sinni að fegurðinni og í þrotlausri vinnu við að leysa harðsnúin myndræn vandamál. Hann bjó langtímum í Hveragerði, sem á þeim árum var athvarf eða eins konar vin skálda og listamanna, enda þótt nú sé af sú tíðin fyrir langa löngu. Þar hefur hann trúlega oft unað sér á sinn hátt og eignast sína sálufélaga eða svo er að skilja á aðfaraorðum Kristjáns skálds frá Djúpalæk, sem hann skrifar af innilegleik í myndskrá í tilefni af stórri sýningu á verkum vinar síns, Höskulds, á Kjarvalsstöðum. Sýning þessi var opnuð 17. apríl síðastliðinn og lýkur henni sunnudaginn 2. maí næstkomandi.

Þetta eru kynstrin öll af myndum, sem eru þarna sýnd — allt frá æskuverkum til allra síðustu mynda hans — og gefa góða hugmynd um „heim" málarans og listræna vitund, ef svo má að orði kveða. Flestar myndanna eiga það sameiginlegt, að þær sýna inn í tilfinningalíf listamanns, sem gerir sér far um að vera sannur og villa ekki á sér heimildir, — það ber ekkert á galdra-, gjörninga- og sjónhverfingabrögðum, hvorki í ytri né innri tækni, enda þótt falinn galdur sé í tjáningu og stílfæringu á myndum eins og nr. 92 Uppstilling og nr. 93 Úr vinnustofu. Tilfinning listamannsins fyrir áhrifum ljóss og skugga — fléttum þeirra og andstæðum og samspili — birtist í þessum tveim verkum og sýnir, hversu næmt auga Höskuldur sálugi hefur haft fyrir næsta umhverfi sínu — eða öllu heldur fyrir því, sem virðist vera falið hinu venjulega auga.

Á hinn bóginn virðist ríkjandi sú tilhneiging hjá málaranum að skapa rómantíska stemmningu úr hverri fyrirmynd, einvers konar ljóðrænu eða óð um lífið og náttúruna í kringum okkur, hvort sem það eru rjúpur eða hrafnar eða endur í sefi, og við hvönn, ellegar þá ævagamlar biblíur, uppstilling, blóm eða sveitabær eða interiör í vinnustofunni hans austur í Hveragerði.

Það er þægileg kennd, sem gagntekur hugann, þegar komið er inn á þessa sýningu á verkum Höskulds heitins á Kjarvalsstöðum. Þó hvarflar að manni fljótlega sú sorglega hugsun, að málarinn hafi ekki fengið að njóta hæfileika sinna sem skyldi í lifanda lífi — hann hafi verið látinn liggja í þagnargildi og lengi og ekki verið kynntur eins og hann átti og á skilið. Hins vegar á ekkja hans, frú Hallfríður Pálsdóttir, heiður skilinn fyrir að hafa verndað verk hans og gætt þeirra „eins og fjöreggs síns, sem þau og eru" eins og skáldið austfirzka frá Djúpalæk segir í aðfaraorðum sínum. Og auk þess ber að geta þess, að ekkja listamannsins, sem enn er búsett í Hveragerði, sýndi af sér það framtak og þann kjark, að reka kaffistofu í húsi þeirra hjóna, bókstaflega inni í gömlu vinnustofu kúnstnarans, þar sem myndirnar blöstu við sjónum, gestum og gangandi til gleði. En Hveragerði er á stundum innilega afskekkt, hvernig sem á því stendur, þrátt fyrir alfaraleiðina og Eden og jafnvel fleira.

Höskuldur Björnsson virðist hafa verið einn þessara þöglu yfirlætislausu listamanna, sem eru gæddir



hæfni til að sjá skýrum og skörpum augum hinn dulda seið í næsta umhverfi — list hans er í beinum tengslum við mannlífið og náttúruna á sama hátt og trúin á að vera eðlileg og hluti af daglegu lífi. Það er ekki að ófyrirsynju að málarinn tekur sér fyrir hendur að gera myndir af ævagömlum biblíum og handritum með guðsorði — hann finnur sál og list í stafagerðinni gömlu, enda hefur hann sjálfur verið listaskrifari, sbr. myndskreyttu jólabréfin til móður hans, frú Lovísu Eymundsdóttur frá Dilksnesi í Hornafirði og sömuleiðis tilskrifin til dóttur hans, Ingveldar, en þessi listrænu, merkilegu bréf eru sýnd með smekklegum hætti ásamt með myndverkunum. Bréfin bera málaranum fagurt vitni.

Þegar á heild er litið, vitnast, að Höskuldur hefur verið sterkari málari en alkunna er og ætti að vera lýðum ljóst. Borið saman við ýmsa þekkta málara okkar, sem hafa öðlazt frægð og nafn, hefur hann í ýmsum tilfellum drjúgmikið fram yfir „þessa með nöfnin" — það er niðurstaðan, þegar öll þessi verk eru skoðuð vandlega: Þau eru sum hver gædd sálrænu gildi eða eins og Þorvaldur Skúlason, sá þrælgreindi húnvetnski listmálari, sagði eitt sinn um verk kollega síns á samsýningu íslenzkra listamanna í gamla daga: „Það er eitthvað „spiritúelt" við þetta . . ."

Með öðrum orðum: Það dyljast andlegheit og sálrænn fínleikur á bak við hógværðina í línum og litum málarans Höskulds.

Á dögunum sagði Kristmann Guðmundsson í símspjalli við þann sem þetta skrifar um Höskuld, þegar sýningu hans bar á góma: „Hann var fjári slunginn teiknari." Svo bætti hann við: „Hann var skrýtinn maður hann Höskuldur." Kristmann var Höskuldi samtíða lengi í Hveragerði og þekkti hann töluvert, en þessi athugasemd „skrýtinn" hljomaði alls ekki neikvætt nema síður væri — það gerði manninn einungis athyglisverðari.

Veiðifélag Elliðavatns

Stangaveiði á vatnasvæði Elliðavatns hefst 1. maí. Veiðileyfi eru seld í Vesturröst, Vatnsenda, Elliðavatni og Gunnarshólma.

Veiðifélag Elliðavatns.

Ársfjórðungsþing Rauðsokkahreyfingarinnar

verður haldið sunnudaginn 2. maí 1982 í Stokkholti og hefst kl. 10 f.h. Fundarefni verður: pólitískur grundvöllur, lög og skipulag hreyfingarinnar og starfið framunda.
Fram hafa komið tillögur um breytingar á stefnuskrá og lögum hreyfingarinnar og liggja þær frammi í Stokkholti og eru félagar hvattir til að koma og kynna sér þær. Einnig eru félagar minntir á að greiða hússjóðsskuldir sínar fyrir þingið.

Miðstöð.



Reykvíkingar athugið!

Á næstu dögum gengst Kvennaframboðið fyrir eftirfarandi fundum á Hótel Vík við Vallarstræti.
Laugardaginn 1. maí kl. 15.15. — hverfafundur fyrir Miðbæ, Þingholt og Vesturbæ nyrðri á Hallærisplaninu. Kaffi og meðlæti á Hótel Vík á eftir.
Þriðjudaginn 3. maí kl. 20.30. — Fundur um skipulagsmál í Reykjavík. Gestir fundarins: Guðrún Jónsdóttir o.fl. frá Borgarskipulaginu.
Fimmtudaginn 6. maí kl. 20.30. — Fundur um launa- og atvinnumál kvenna. Gestir fundarins: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður Sóknar, Ragna Bergmann formaður Framsóknar o.fl.
Allir velkomnir! Geymið auglýsinguna!

Kvennaframboðið í Reykjavík.

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík

Opið hús

kl. 15.00—18.00

í Sjálfstæðishúsinu Valhöll, Háaleitisbraut 1, á morgun, laugardaginn 1. maí.

Kl. 15.00 Pianóleikur — Hafliði Jónsson.
Kl. 16.00 Samfelld dagskrá: Setning, formaður undirbúningsnefndar. Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík leikur undir stjórn Mark Reedan. — Ræða, Magnús L. Sveinsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur. — Einsöngur, Elísabet F. Eiríksdóttir syngur lög við ljóð eftir Halldór Laxness, við undirleik Jórunnar Viðar. — Ávarp, Margrét S. Einarsdóttir, sjúkraliði. — Tónlistarflutningur, Magnús Kjartansson, hljómlistarmaður annast. — Kynnir, Ásdís Loftsdóttir.

Veitingar

1. maí nefndin



Allir velkomnir í Valhöll 1. maí

Kjörorðið er stétt með stétt